

5. Fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins Haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkurborgar, föstudaginn 16. júní 2023, kl. 08.30

Fundinn sátu:

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Sævar Birgisson, Jakob Einar Jakobsson, Eva Josteinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir (Teams) og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð fundar 19. maí

Samþykkt og undirrituð af stjórn.

2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur

Farið var yfir stöðuna og reksturinn til upplýsinga fyrir stjórn. Engar athugasemdir. Kynningin var send sem fundargagn fyrir fund.

3. Drög að fjárhagsáætlun

Samþykkt. Framkvæmdastjóri óskar eftir því að hún verði aftur endurskoðuð á fundi í september þar sem margir óvissuþættir eru ennþá.

4. Staða á kynningu til mögulegra aðildarfélaga

Átta aðilar hafa skráð sig í aðild og fleiri eru í bígerð. Framkvæmdastjóri er í yfirreið þessa dagana að hitta mögulega aðildarfélaga og veit af nokkrum sem eiga eftir að staðfesta. Einnig er gert ráð fyrir að heimsóknirnar í sveitarfélögin í haust muni ná betur til fleiri aðila. Nefnt að skoða hvort eigi að gera einhvers konar dreifirit með hvatningu um aðild eða áskorunarkeppni milli fyrirtækja.

5. Tillögur að dagsetningum fyrir haust/vor – Stefnuráð, Ferðamálaþing og stjórnarfundir

Farið var yfir tillögu að dagsetningum en þær voru sendar með fundargögnum.

Dagsetningarnar voru samþykktar. Stjórn hvött til þess að mæta amk. á fyrsta fund stefnuráðsins.

6. Starfsreglur stjórnar

Samþykktar. Rætt um mögulegar starfsreglur fyrir stefnuráð og verður það skoðað í framhaldinu.

7. Ásýnd Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og mörkun áfangastaðarins

Samþykkt að skrá Reykjavík & Partners (reykjavikandpartners.is) ásamt því að tillögur um næstu skref varðandi ásýnd og mörkun voru samþykkt. Næstu skref eru að fá tilboð frá Hvíta húsinu um að setja upp merkin og ásýnd sem og framkvæmdastjóri ætlar að skoða betur þau gögn sem liggja nú þegar fyrir og koma með tillögu í framhaldinu.

8. Önnur mál

Laun stjórnar: stjórn sendi launþegaupplýsingar á framkvæmdastjóra.

Samningur við sveitarfélögin: verður tekinn fyrir á næsta stjórnarfund. Nefnt að ekki væri gott að láta samninginn renna út á kosningaári.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.00.